

kr. 70.00 í málsvarnarlaun, en að öðru leyti greiði þau in solidum allan kostnað sakarinnar. Talsmaður ákærðs hefir ekki gert kröfu til málsvarnarlauna.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið af hendi dómarsins, hvorki á rannsókn eða uppkvaðningu dómsins. En að mál þetta hefir þrátt fyrir það staðið svo lengi, stafar af því, að dómariinn sendi dómsmálaráðuneytinu próf málsins 4. nóv. 1929, og fékk 29. s. m. bréf um það, að frekari rannsókn mætti bíða unz skorið hefði verið úr um gjaldþrot ákærðu í Hæstarétti. En þegar langtum meiri dráttur varð á úrslitum þessa máls í Hæstarétti, vegna frestbeiðni hinna ákærðu, lagði ráðuneytið fyrir dómariann, með bréfi dags. 19. september s. l. að halda máli þessu áfram og það hefir dómariinn gert án nokkurs óþarfa dráttar.

Miðvikudaginn 31. maí 1932.

Nr. 146/1932. Metúsalem Jóhannsson

(Eggert Claessen)

gegn

**Samtrygging íslenzkra botnvörpunga
og gagnsök** (Jón Ásbjörnsson).

Eftirstöðvar váttryggingarupphæðar m. m.

Dómur sjóréttar Reykjavíkur 27. ágúst 1932: Stefnð, Samtrygging íslenzkra botnvörpunga, greiði stefnanda, Metúsalem Jóhannssyni, kr. 1721,68 með 5% ársvöxtum frá 3. júní 1931 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, útg. 23. sept. 1932, krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 9310.88 með 6% ársvöxtum frá 3. júní

1931 til greiðsludags, og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Gagnáfrýjandi, sem hefir að fengnu áfrýjunarleyfi, 16. marz þ. á., skotið málinu til hæstaréttar með stefnu, útgefinni s. d., krefst *aðallega*, sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda, en *til vara*, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða kr. 1419,93 með vöxtum, sem fyrr segir, og *til þrautavara*, að ákvæði hins áfrýjaða dóms um bótagreiðslu verði staðfest. Svo krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, hvenig sem málið fer.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, voru vátryggingar þær, sem í máli þessu getur, þessar:

1. Skipið, skrokkur og vél	£ 2100:0:0
Greiðslur og vistir	£ 700:0:0
	£ 2800:0:0
2. Veiðarfæri	£ 500:0:0
3. Afli	£ 500:0:0
	Samtals £ 3800:0:0
Hér uppi hefir vátryggandi greitt ..	£ 3500:0:0

Eftir standa þá

Hér frá dregur aðaláfrýjandi eftirstöðvar vátryggingargjalds fyrir

aflatryggingu

Eftir verða þá

er hann telur sig eiga hjá gagnáfrýjanda og er það fyrsti kröfuliður hans.

Gagnáfrýjandi telur sér óskilt að greiða upp-hæð þessa af þessum ástæðum:

Raunverulegt verðmæti þess afla, sem mestur hefði getað verið á skipinu, er það strandaði, hafi ekki getað numið meiru en £ 285, og hafi aflatryggingin því verið of há um £ 215. Aflatrygging-

arskírteinið var „verðsett váttryggingarskírteini“ sbr. 9 gr. laga nr. 17/1914. Með hliðsjón af því sildarmagni, sem mest gat verið í skipinu, og þess verðs á sildinni, er váttryggður gat eftir reynslu fyrri ára, er hann hefir skýrt frá hér fyrir dómi, hugsað til að fá fyrir hana, verður það ekki staðhæft, að hann hafi sett váttryggingaupphæðina ósanngjarnlega háa, þegar hann keypti váttrygginguna. Og verður því þessi frádráttarkafa gagnáfrýjanda ekki tekin til greina.

2. Þá hefir gagnáfrýjandi talið, að koma eigi til frádráttur £ 13:16:2, er sé ógoldið iðgjald fyrir skipsváttrygginguna. Trygging þessi var keypt frá 31. jan. 1930 — 1. jan. 1931, eða 11 mánuði. Samkvæmt váttryggingarskírteininu var váttryggingargjaldið fyrir allt þetta tímabil ákveðið £ 154:3:10, og eftir greinargerð aðaláfrýjanda í málinu hefir nákvæmlega þessi upphæð verið greidd fyrir váttryggingu skipsins. Eftir þessu hefir ekkert staðið ógreitt af iðgjaldi þessarar váttryggingar. Gagnáfrýjandi hefir ekki sannað gegn mótmælum aðaláfrýjanda, að hann eigi kröfu til þessarar upphæðar, og verður hún því ekki dregin frá þessum kröfuflið aðaláfrýjanda.

3. Þá telur gagnáfrýjandi eiga að koma til frádráttar 1% af samanlögðum váttryggingarupphæðunum, eða £ 38, er endurtryggjandi hans áskilji sér vegna sjótjónsreikningagerðar í Englandi. Í váttryggingaskírteininu er þessa atriðis að engu getið, og það er ekki sannað, að aðaláfrýjandi hafi vitað um það eða átt að vita um það. Í váttryggingarskírteininum segir að vísu, meðal annars, að ákvæði þeirra skuli einskorðuð við ákvæði endurtryggingaskírteinnanna. En slík almenn tilvísun virðist ekki

hafa verið nægileg til þess að heina athygli vátryggða að nefndu atriði, enda hvorki upplýst, að gagnáfrýjandi hafi skýrt honum frá þessari kröfu endurtryggjanda né fengið honum í hendur eða sýnt honum endurtryggingarskirteinið. Mátti aðaláfrýjandi því gera ráð fyrir, að um kostnað af sjóttjónsreikningi færi eftir hinni almennu reglu þar um í 23. gr. laga nr. 17/1914. Þessi frádráttarkrafa gagnáfrýjanda verður því ekki tekin til greina.

4. Eins og sjá má af framanskráðu, telur gagnáfrýjandi eiga að koma til frádráttar fyrsta kröfulið aðaláfrýjanda, £ 281:17:6, £ 215:0:0 + £ 13:16:2 + £ 38:0:0, eða samtals £ 266:16:2, svo að eftir ættu þá að standa, þótt þessar frádráttarkröfur hans væru að fullu teknar til greina, £ 15:1:4. En þar sem gagnáfrýjandi krefst aðallega sýknu, þá virðist eiga að skilja þetta svo, sem hann telji sig hafa ofgreitt af reikingsupphæðinni samkvæmt öðrum kröfulið aðaláfrýjanda — að minnsta kosti svo sem síðastnefndri upphæð nemur. Verður að því vikið í sambandi við þann kröfulið, að þetta er ekki rétt á litið hjá gagnáfrýjanda, og verður því fyrsti kröfuliður aðaláfrýjanda ekki færður niður af þeirri ástæðu.

Samkvæmt framanskráðu verður að taka alla þá kröfu, er aðaláfrýjandi gerir í fyrsta kröfulið sínum, til greina, verður sú upphæð £ 281:17:6, í íslenskum krónum með gengi £ 22,15, kr. 6243.63.

Annar kröfuliður aðaláfrýjanda nemur kr. 1742,85. Er það hluti af samanlögðum reikningsupphæðum, samtals kr. 4742,85. Þar af hefir gagnáfrýjandi greitt kr. 3000,00, og eru eftirstöðvarnar sú upphæð, sem krafín er í þessum lið. Varða hinar einstöku reikningsliðir kostnað vegna skipsstrands-

ins, flutning skipsins frá strandstað til Akureyrar til bráðabirgðaviðgerðar þar, flutning skipsins þaðan til Reykjavíkur, hafnargjöld þar, slipplegu, skipsvörð o. fl. Mótbárur gagnáfrýjanda gegn þessum liðum lúta aðallega að því, að aðaláfrýjandi hafi án samþykkis váttryggjanda gert þær ráðstafanir, er höfðu þann kostnað í för með sér, er í þessum reikningsliðum greinir. En ráðstafanir þessar voru nauðsynlegar til björgunar, varðveizlu og viðhalds hinum váttryggðu hagsmunum, enda samþykktar beint eða óbeint, af váttryggjanda. Tvo þessara reikningsliða hefir gagnáfrýjandi sérstaklega gert að athugunarefni: kr. 300.00 til skipshafnar fyrir björgun á nótt og bátum af strandinu og kr. 350 til skipstjóra fyrir umsjón og eftirlit á strandstaðnum og á Akureyri. Hvorki skipstjóra né skipshöfn, sem ráðinn var aðeins upp á aflahlut, var skylt að inna þessi störf af hendi án sérstakrar þóknunar. Þau voru unnin beint til verndar hinum váttryggðu hagsmunum, sem voru í ábyrgð váttryggjanda, og þess vegna fyrir hann. Og með því að ekki er sannað, að hið krafða sé ósanngjarnlega hátt sett, verður að dæma gagnáfrýjanda til, samkvæmt 23. gr. laga nr. 17/1914, að greiða hinar tvær síðastnefndu upphæðir, ásamt hinum öðrum reikningsliðum, er fyrrnefndur reikningur felur í sér, að því leyti sem þeir eru ekki þegar greiddir.

Priðji kröfuliður aðaláfrýjanda nemur kr. 1324,50. Í honum er fólgin kostnaður af upphaldi skipverja á strandstað og fæði og fargjald þeirra þaðan og til Reykjavíkur. Kostnað þenna er váttryggjanda óskylt að greiða samkvæmt váttryggingarskilmálunum, nema svo sé, að þessir hagsmunir hafi verið váttryggðir undir „greiðslur og vistir“, en þá

hefir hann þegar greitt hann. Og samkvæmt gildandi lögum verður váttryggjanda ekki gert að greiða þessar upphæðir. Það verður því að sýkna gagnáfrýjanda af kröfu um greiðslu þessa kröfuliðs.

Samkvæmt framanskráðu ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda kr. 6243,53 + kr. 1742,85 = kr. 7986,38 með 6% ársvöxtum frá 3. júní 1931 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma gagnáfrýjanda til þess að greiða aðaláfrýjanda 500 krónur í málskostnað samtals, bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Samtrygging íslenzkra botnvörpunga, greiði aðaláfrýjanda, Metúsalem Jóhannssyni, kr. 7986,38 með 6% ársvöxtum frá 3. júní 1931 til greiðsludags. Svo greiði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda samtals 500 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir höfðað með stefnu, dags. 3. júní f. á. Metúsalem Jóhannsson, Ingólfsstræti 16 hér í bæ gegn Samtryggingu íslenzkra botnvörpunga, til heimilis hér í bænum til greiðslu:

1. Eftirstöðvar váttryggingarupphæðar fyrir m. s. Hænir og aflu og veiðarfæri sama skips, £ 281:17:6 kr. 6243,53
2. Eftirstöðvar útlagðs kostnaðar vegna strands téðs skips — 1742,85
3. Kostnað við dvöl skipverja við strand-

staðinn og flutning þeirra og fæðiskostnað til Reykjavíkur — 1324,50

Samtals kr. 9310,88

ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Stefndur hefir krafizt algerðrar sýknu og sér dæmdan málskostnað.

Nefnt skip strandaði á Rifstanga 25. ág. 1930. Varðskipið Ægir náði skipinu af strandstaðnum og flutti til Akureyrar. Þar var það metið og skoðað og fékk bráðabirgðaviðgerð og síðan flutt til Reykjavíkur. Þar var skipið metið að nýju og rannsakað, hve dýr myndi fullnaðarviðgerð þess og þótti það sannlegt, að það myndi ekki svara kostnaði að láta hana fara fram og skipið því talið óbætandi og átti stefndur þá rétt til váttryggingarfjár, sem fyrir algert tjón væri:

Skip og annað var váttryggt hjá stefndum svo sem hér segir:

Skipsskrokkur og vélar	£ 2100,—
Greiðslur og vistir	£ 700,—
Veiðarfæri	£ 500,—
Afli	£ 500,—

Samtals £ 3800—0—0

Af þessari upphæð hefir stefndur greitt .. £ 3500—0—0

Mismunur £ 300—0—0

Frá þessari upphæð hefir stefnandi, með reikningi til stefnds, sem stefnan er byggð á, dregið ógreiddar eftirstöðvar af ársiðgjaldi fyrir afla og veiðarfæri £ 18—2—6

Eftirstöðvar £ 281—17—6

sem með gengi 22,15 eru kr. 6243,53 í samræmi við 1. kröfulið hér á undan. Auk þess hefir stefnandi lagt fram reikning, rjskj. nr. 6 dags. 16. maí f. á., til stefnds fyrir útlagðan kostnað við strand skipsins, alls að upphæð kr. 4742,85, að frádregnum kr. 3000,00 greiddum af stefndum, og telur stefnandi þá vangreiddar af þessum kostnaði kr. 1742,85, sem kemur heim við annan lið stefnukröfunnar. Og loks er 3. liður stefnukröfunnar rjskj. nr. 7 kr. 1324, 50 og kemur þannig út hin umstefnda upphæð.

Stefndur jatar, að þar sem skipið var talið óbætandi, þá eigi stefnandi rétt á skaðabótum sem fyrir algert tjón og að fá váttryggingarupphæðina greidda að fullu, en með þeirri sjálfsgöðu takmörkun, sem ákvæði laganna um sjóváttryggingu nr. 17 frá 2. nóvbr. 1914, setja um oftryggingu. Ákvæði tryggingarskirteinisins um að félagið greiði alla váttryggingarupphæðina í þessu tilfelli beri því að skilja sem alla *lögmeta* váttryggingarupphæð. Heldur hann því fram, að aflinn hafi verið oftryggður. Staðhæfir hann, að á þeim tíma, sem váttryggingin tók yfir, frá 21. júlí til 21. sept. 1930, hafi skipið ekki getað tekið meira verðmæti af sild í einni veiðiferð en sem svaraði £ 285, eigi því aflatryggingin ekki að greiðast af hendi með hærri upphæð. Þetta verðmæti fær hann þannig út. Hæsta verð á söltunarhæfri sild hafi verið þetta sumar kr. 9 pr. tunnu og skipið hafi aðeins getað tekið af henni 450 tn., sem svari til kr. 4050,00. Og í lest hafi skipið getað tekið mest 377 mál af bræðslusild, en hæsta verð á henni þetta sumar hafi verið kr. 6,00 pr. mál, eða samtals kr. 2262,00. Mótmælir stefndur, að sild sú, sem lest slíkra skipa sem Hænir sé fyllt af, sé söltunarhæf. Sild úr lest sé því aðeins söltunarhæf, að skipið sé sérstaklega útbúið til þess með hillum í lestinni. En þann útbúnað hafi Hænir ekki haft. Staðhæfir stefndur því, að mesta verðmæti sildaraflla Hænis í einni veiðiferð þetta sumar, hafi ekki getað numið meiru en kr. 6312,00 eða sem næst £ 285, og hærri váttryggingarupphæðar sé því ekki unnt að krefjast fyrir afla. Stefnandi hefir hvorki mótmælt staðhæfingu stefnds um rúm og burðarmagn skipsins eða verði á sild þetta sumar, en hann heldur því fram, að Hænir hafi haft venjulegan útbúning til sildveiða, þar á meðal gólfgrindur á þilfari og í lest og frekari útbúning sé engin venja til að hafa á sildveiðiskipum, þótt jafnt sé saltað úr lest sem af þilfari. Segir hann að sild sú, sem fór í lest skipsins hafi getað verið söltunarhæf, því að það hafi aðeins komið undir því, hve fljótt skipið gat aflað sildarinnar. Mótmælir stefnandi lækkanarkröfu stefnds til vara á þessum grundvelli, en aðallega af því, að lög um sjóváttryggingar séu declaratorisk lög, enda hafi stefndur áður en málssóknin hófst gefið skuldbindandi samþykki sitt með bréfum 2. marz og 14 apríl 1931 og reiknings-

yfirliti frá 25. s. m. til greiðslu allrar váttryggingarfjárhæðarinnar.

Greiðslusamþykki það, sem kemur fram í nefndum skjölum virðist verða að miða við tillögur þær, er samtímis voru gerðar til að ná samkomulagi um bótagreiðslur í heild án málssóknar. Þar sem sjórétturinn telur það ekki geta leikið á tveim tungum, að váttryggingarsamningar þeir, er hér er um að ræða, verði að skýra í sambandi við ákvæði nýnefndra laga, hefir stefndur rétt til að krefjast þess, að váttrygging aflans verði færð niður í það sem sanngjarnt er, þar sem hann hefir sýnt fram á, að aflinn hafi verið oftryggður. Váttryggingarverðið verður nú enganveginn metið hærra en verð þess afla, sem skipið gat mest borið. Að salta síld úr lest skipsins gat varla verið um að ræða eftir að búíð var að salta 450 tn. af þilfari af yngstu síldinni. Skipting aflans í söltunarsíld og bræðslusíld eins sg stefndur hefir gert þykir því gerð á þann veg, að sanngjarnari getur hún vart orðið, enda henni ekki hrundið af stefnanda. Samkvæmt þessu þykir því á þessum lið eiga að draga frá kr. 11,075,00 ÷ 6312,00 = kr. 4763,00.

Þá krefst stefndur, að frá váttryggingarupphæðinni se dreginn 1% eða £ 38 vegna uppgjörs í Englandi, samkv. venju og tilboði til Félags ísl. línuveiðaraeigenda, enda hafi stefnandi leitað tryggingarinnar hjá stefndum eftir tilvísun formanns þess félags. Þessu mótmælir stefnandi, enda sé hann ekki meðlimur í greindu félagi og frádráttar þessa sé ekki getið í tryggingarskírteininu. Rétturinn verður nú að líta svo á, að hvort sem stefnanda var persónulega kunnugt eða ekki um þau sérskilyrði, sem stefndur setti fyrir váttryggingu línuveiðara, þá gat stefnandi ekki gert ráð fyrir, að hann fengi skip sitt tryggt án þess að verða að hlíta sömu skilmálum og línuveiðarar innan félagsins, að minnsta kosti mátti hann ekki búast við, að hann fengi sér hagstæðari skilmála fyrir skip sitt eitt en félagsheildin fyrir öll sin skip. Þar sem stefndur hefir fært sönnur á, að umræddur 1% frádráttur gildi fyrir línuveiðara nefnds félags, þykir þessi frádráttur réttmætur, þótt hans sé ekki getið í hinum almennu váttryggingarskírteinum, en þau bera það með sér, að uppgjör í Englandi var nauðsynlegt, þar sem tryggingin var

tekin í £ og endurtrygging fór þar fram. Á þessum lið þykir því eiga að draga frá stefnukröfunni kr. 841,70.

Þá hefir stefndur krafizt frádráttar ógreiddra váttryggingariðgjalda £ 18—2—6 af afla- og veiðarfæratryggingu, og £ 13—16—2 eftirstöðvar iðgjalds af váttryggingu fyrir skipið, samtals £ 31—18—8.

Það verður nú ekki betur séð, en að fyrri upphæðin, sem málflytjendur hafa rætt mikið um, sé dregin frá áður en stefnan er útgefin, sbr. hér að framan, og getur því frádráttur hennar aftur ekki átt sér stað. Samkv. framlagðri kvittun hefir stefnandi greitt að fullu áskilið iðgjald fyrir skipið og þar sem þess er ekki getið í váttryggingarskírteininu að fullt ársiðgjald skuli greitt ef um algerðan tapa er að ræða, og stefndur hefir ekki gegn mótmælum stefnanda sannað, að þetta sé föst venja, þykir þessi frádráttarkrafa heldur ekki geta orðið tekin til greina.

Kröfum stefnanda um endurgreiðslu á útlögðum kostnaði vegna strandsins, samkv. reikningunum á rjskj. 6 og 7, mótmælir stefndur að því leyti sem hann fer fram úr því, sem þegar hefir verið greitt upp í þann kostnað. Byggjast þau mótmæli sumpart á því, að stefnandi hafi látið flytja skipið frá Akureyri til Reykjavíkur algerlega að eigin hvötum og án tilhlutunar stefnds, en sumpart á því, að stefnandi hafði váttryggt greiðslur og vistir fyrir £ 700 eða ca. 15,500,00 kr., en í þeirri upphæð væri innifalinn hinn útlagði kostnaður eða að minnsta kosti sumt af honum.

Aðiljar deila mjög um það, að hvors þeirra fyrirlagi skipið var flutt frá Akureyri til Reykjavíkur og jafnvel einnig um það, hvor þeirra hafi ráðið því, að bráðabirgðaviðgerð var látin fram fara á því á Akureyri. Það liggur nú nægilega ljóst fyrir í málinu, að það var stefndur sem fékk mann á Akureyri til þess að annast um að skipið væri sett á land þar og skoðað og þennan sama mann fekk stefndur til að rannsaka kostnað við nauðsynlega viðgerð á því til þess að flytja það til Reykjavíkur. Þessar athafnir liggja undir úrslitaatkvæði stefnds samkv. tryggingarskilmálunum og verður ekki betur séð en að stefndur hafi neitt þessa atkvæðis í þessu máli, enda virðist það liggja beint við í málinu, að það var ekki til neinna hagsmuna

fyrir stefnanda, að leggja sig í framkróka um þessar framkvæmdir, því að hann átti vísan aðgang að stefndum um greiðslu váttryggingarupphæðarinnar eða skipinu skiluðu sér í fullgildu ástandi. Og að sjálfsögðu var það stefnds að ráða það við sig hvor kosturinn var vænlegri fyrir váttryggjanda.

Stefndur getur því ekki af þessari ástæðu orðið losaður við neitt af þessum greiðslum og það því síður sem stefndur gerði ekki í bréfaviðskiptum sínum áður en málsókn hófst neina athugasemd við hin siendurteknu ummæli stefnanda, að hann hefði lagt út umræddan kostnað viðvíkjandi skipinu samkvæmt beiðni stefnds.

En þá er aðeins eftir að athuga hvort hinn umkrafði kostnaður sé innifalinn í „greiðslur og vistir“, sem keypt hefir verið trygging fyrir og því innifalinn í váttryggingarupphæðinni sjálfri. Undir þessa upphæð fellur sá kostnaður sem útgerðarmanni er skylt að bera, sem sé fæði og kaup áhafna skipsins, eða upphæðin sem greind er á rj-skj. 7, kr. 1324,50. Björgun á nótt og öðru viðvíkjandi strandinu fellur vitanlega undir skyldustörf skipverja til verndar og bjargar skipi og góssi. Liðirnir á rj-skj. 6 greiðslur til skipshafnar 300 kr. og skipstjóra 350,00 kr. falla því einnig undir váttryggingarupphæðina. Koma þannig til frádráttar stefnukröfunni kr. 1974,50. Að öðru leyti verður ekki gengið lengra inn á hina einstöku liði á rj-skj. 6 þar sem málf lutningurinn hefir ekki gefið til efni til þess, og verða þeir því ekki taldir felast í váttryggingarupphæðinni.

Niðurstaða máls þessa hér fyrir réttinum verður þá sú, að frá stefnukröfunni kr. 9310,88 ber að draga kr. 4763,00 + 841,70 + 1974,50 = kr. 7589,20 og skylda stefndan til að greiða mismuninn kr. 1721,68 en aðeins með 5% ársvöxtum frá stefnudegi 3. júní f. á. og málskostnaður þyk-
ir eiga að falla niður.